AUGLÝSING

um breytingu á samningi við Bandaríkin um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum.

Með orðsendingaskiptum 22. og 27. ágúst 1985 var gengið frá samningi milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um breytingu frá samningi frá 13. febrúar 1964 um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1964. Breytingin öðlaðist gildi 1. september 1985.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1985.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

a. Orðsending sendiherra Bandaríkjanna til utanríkisráðherra.

Hr. ráðherra,

Ég leyfi mér að vísa til samnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum sem undirritaður var í Reykjavík 25. febrúar 1964. Ég leyfi mér einnig að vísa til viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórna okkar um sama málefni og staðfesta samkomulag um að breyta fyrrgreindum samningi samkvæmt eftirfarandi:

1. 1. gr. orðist svo:

„Með þessum samningi er komið á fót stofnun, er nefnist Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna (hér á eftir nefnd „stofnunin"), og ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkja Ameríku viðurkenna sem stofnun tveggja þjóða, er sé stofnsett og starfrækt til að auðvelda framkvæmd fræðslustarfsemi, sem kostuð er af fé, sem veitt er samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Með þeirri undantekningu, sem getur í 3. gr. samnings þessa, skal stofnunin vera undanþegin ákvæðum íslenskra laga og Bandaríkjalaga um ráðstöfun á gjaldeyri og gjaldeyrisinnstæðum, vegna framkvæmdar á samningi þessum. Á Íslandi skal líta á fé, svo og eignir, sem kunna að

a. Note from the Ambassador of the United States of America to the Minister for Foreign Affairs

Excellency:

I have the honor to refer to the Agreement between the Government of Iceland and the Government of the United States of America signed at Reykjavik on 25 February 1964, for financing certain educational exchange programs. I have the honor to refer also to recent conversations between the representatives of our two Governments on the same subject and to confirm the understanding reached that the aforementioned Agreement be amended as follows:

1. Article 1 is amended:

"This Agreement establishes a commission to be known as the 'Iceland-United States Educational Commission' hereinafter designated 'the Commission' which shall be recognized by the Government of Iceland and the Government of the United States of America as a binational commission created and established to facilitate the administration of an educational program to be financed by funds made available to the Commission under the terms of this Agreement.

"Except as provided in Article 3 hereof, the Commission shall be exempt from the domestic and local laws of Iceland and of the United States of America as they relate to the use and expenditure of currencies and credits for currencies for the purposes set forth in the Agreement. The

verða til fyrir það fé, sem fram verður lagt samkvæmt samningi þessum, sem eign alþjóðastofnunar.

Fé, sem lagt verður fram samkvæmt samningi þessum, þar með talin hver sú viðbót, er við það kann að safnast sem vextir, eða á annan hátt, skal stofnunin, eða hver sá aðili, sem ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkja Ameríku kunna að koma sér saman um, nota, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem greinir hér á eftir, til þess að greiða kostnað:

1. við nám, rannsóknir, kennslu og aðra fræðslustarfsemi, sem (i) borgarar og þegnar Bandaríkja Ameríku á Íslandi, og (ii) íslenskir ríkisborgarar og þegnar ræka eða stunda í bandarískum skólum og menntastofnunum í eða utan Bandaríkja Ameríku;

2. við heimsóknir og skipti millum Íslands og Bandaríkja Ameríku á námsmönnum, nemum, kennurum, leiðbeinendum og prófessorum;

3. af ráðgjöf við íslenska nemendur um háskólanám, þ. m. t. framhaldsnám, í Bandaríkjum Ameríku og möguleika á styrkjum til þess að stunda slíkt nám þar; og

4. af annarri skyldri fræðslu- og menningarstarfsemi og fyrirætlunum, eins og ráð verður fyrir gert í fjárhagsáætlunum þeim, sem hljóta samþykki samkvæmt 3. grein samningsins."

2. 4. gr. orðist svo:

„Stjórn stofnunarinnar og framkvæmdir allar á vegum hennar skulu vera í höndum sérstakrar átta manna stjórnar (hér á eftir nefnd „stjórnin"). Fjórir stjórnarmanna skulu vera íslenskir ríkisborgarar og fjórir ríkisborgarar Bandaríkja Ameríku. Auk þess skulu menntamálaráðherra og forstöðumaður sendiráðs Bandaríkja Ameríku á Íslandi (hér á eftir nefndur „bandaríski fulltrúinn") vera heiðursformenn stofnunarinnar.

Stjórnarmenn kjósa úr sínum hópi formann og varaformann, sem báðir hafa atkvæðisrétt. Þeir skulu vera hvor af sínu þjóðerni og gegna störfum eins árs tímabil sem fellur saman við skipunartímabil stjórnarinnar. Formaður skal ekki vera af sama þjóðerni tvö ár í röð. Formaður skal greiða

funds and property which may be acquired with the funds in furtherance of the Agreement shall be regarded in Iceland as property of an international organization.

"The funds made available under the Agreement, including any accruals thereto as interest or otherwise, within the conditions and limitations hereinafter set forth, shall be used by the Commission or such other instrumentality as may be agreed upon by the Government of Iceland and the Government of the United States of America for the purposes of financing:

1. studies, research, instruction, and other educational activities (i) of or for citizens and nationals of the United States of America in Iceland, and (ii) of or for citizens and nationals of Iceland in United States of America schools and institutions of learning located in or outside of the United States of America;

2. visits and interchanges between Iceland and the United States of America of students, trainees, teachers, instructors, and professors;

3. counselling of Icelandic students on the availability of graduate and undergraduate programs of study and possible related financial assistance in the United States of America; and,

4. such other related educational and cultural programs and activities as are provided for in budgets approved in accordance with Article 3."

2. Article 4 is amended:

"The management and direction of the affairs of the Commission shall be vested in a Board of Directors consisting of eight members (hereinafter designated 'the Board'), four of whom shall be citizens of Iceland, and four of whom shall be citizens of the United States of America. In addition, the Minister of Culture and Education (hereinafter referred to as 'the Minister') and the principal officer in charge of the Diplomatic Mission of the United States of America to Iceland (hereinafter referred to as the 'American Representative') shall be Honorary Co-Chairmen of the Commission.

"A Chairman and Vice-Chairman, both with voting powers, shall be elected from among the members of the Board. They shall be of different nationalities and shall serve for a term of one year concurrent with the other members of the Board. The nationality of the Chairman shall

úrslitaatkvæði falli atkvæði stjórnarmanna jöfn.

Menntamálaráðherra skal hafa vald til að skipa íslensku ríkisborgarana í stjórnina og leysa þá frá störfum, en meðal þeirra skulu að öllu jöfnu vera fulltrúi menntamálaráðuneytisins, fulltrúi Háskóla Íslands og fyrrverandi styrkþegi. Bandaríski sendiherrann skal hafa vald til að skipa bandarísku ríkisborgarana í stjórnina og leysa þá frá störfum, en meðal þeirra skulu að öllu jöfnu vera blaðafulltrúi sendiráðs Bandaríkjanna og annar fulltrúi bandarísku utanríkisþjónustunnar á Íslandi.

Stjórnarmenn skulu gegna störfum frá þeim tíma sem þeir eru skipaðir og til 31. ágúst næsta árs. Endurskipa má hvern stjórnarmann fjórum sinnum. Síðan verða að líða þrjú ár þar til skipa má hann á ný. Forfallist stjórnarmaður skal skipa mann í hans stað samkvæmt þeim reglum sem þessi grein samningsins mælir fyrir um.

Stjórnarmenn skulu inna störf sín af hendi án launa. Stjórninni er heimilt að greiða nauðsynlegan kostnað sem stjórnarmenn hafa af því að sækja fundi stjórnarinnar og vinna önnur skyldustörf er stjórnin kann að fela þeim."

3. 10. gr. orðist svo:

„Þar sem talað er um „utanríkisráðherra" í samningi þessum er átt við utanríkisráðherra Bandaríkja Ameríku eða sérhvern fulltrúa eða starfsmann ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku sem hann eða hún kann að tilnefna til þess að fara með málefni þau sem samningur þessi fjallar um.

Þar sem talað er um „menntamálaráðherra" í samningi þessum er átt við menntamálaráðherra ríkisstjórnar Íslands eða sérhvern fulltrúa eða starfsmann ríkisstjórnar Íslands sem hann eða hún kann að tilnefna til þess að fara með málefni þau sem samningur þessi fjallar um."

4. Þar sem orðið „Foundation" kemur fram komi orðið „Commission".

Að fenginni orðsendingu yðar um að ríkisstjórn Íslands geti fallist á framangreind atriði mun ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku líta svo á að orðsending þessi og svar yðar myndi samning

alternate each year. The Chairman shall cast a second and deciding vote in the event of a tie vote by the Board.

"The Minister shall have the power to appoint and remove the citizens of Iceland on the Commission, which shall normally include a representative of the Ministry of Culture and Education, a representative of the University of Iceland, and a former grantee. The American Representative shall have the power to appoint and remove the citizens of the United States of America on the Board, which shall normally include the Public Affairs Officer of the Embassy and one other officer of the United States Foreign Service establishment in Iceland.

"The members shall serve from the time of their appointment until the following August 31, and shall be eligible to be successively reappointed for four more terms, but not eligible for reappointment for a period of three years following membership on the Board. Vacancies shall be filled in accordance with the appointment procedure set forth in this article.

"The members shall serve without compensation, but the Commission may authorize the payment of the necessary expenses of the members in attending the meetings of the Board and in performing other official duties assigned by the Board."

3. Article 10 is amended:

"Wherever in the Agreement the term 'Secretary of State' is used, it shall be understood to mean the Secretary of State of the United States of America or any officer or employee of the Government of the United States of America designated to act on his or her behalf.

"Wherever in the Agreement the term 'Minister' is used, it shall be understood to mean the Minister of Culture and Education or any officer or employee of the Government of Iceland designated to act on his or her behalf."

4. In all instances of its use, the term "Foundation" is replaced with "Commission".

Upon receipt of a note from Your Excellency indicating that the foregoing provisions are acceptable to the Government of Iceland, the Government of the United States of America will

milli ríkisstjórnanna um mál þetta sem taki gildi 1. september 1985.

Ég votta yður, hr. ráðherra, sérstaka virðingu mína.

Nicholas Ruwe

22. ágúst 1985

consider that this note and your reply thereto constitute an agreement between the two Governments on this subject, the Agreement to enter into force September 1, 1985.

Accept, Excellency, the renewed assurances of my highest consideration.

Nicholas Ruwe

August 22, 1985

b. Svar utanríkisráðherra.

Reykjavík, 27. ágúst 1985.

Hr. sendiherra,

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar dags. 22. ágúst 1985 sem hljóðar svo:

[Sjá orðsendingu hér að framan.]

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands getur fallist á framangreint og að orðsending yðar og svar þetta myndi samning milli ríkisstjórna okkar sem tekur gildi 1. september 1985.

Ég votta yður, hr. sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Geir Hallgrímsson

Hr. sendiherra Nicholas Ruwe
Sendiráð Bandaríkjanna
Reykjavík

b. Reply of the Minister for Foreign Affairs

Reykjavik, 27 August 1985

Excellency,

I have the honour to acknowledge receipt of your Note dated 22 August 1985 which reads as follows:

[See Note above.]

I have the honour to confirm that the foregoing is acceptable to the Government of Iceland and that your Note and this reply constitute an agreement between our two Governments to enter into force 1 September 1985.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Geir Hallgrímsson

H.E. Mr. Nicholas Ruwe
Embassy of the United States
of America
Reykjavik

7. nóvember 1985 Nr. 13

AUGLÝSING

um viðskiptasamning við Tékkóslóvakíu.

Í dag tók gildi viðskiptasamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu sem undirritaður var í Reykjavík 22. ágúst 1985. Samningur þessi kemur í stað samnings frá 1. september 1977, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1978.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 7. nóvember 1985.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.